

## Skólaráðsfundur

<b>FUNDARGERÐ</b>	Tílefni fundar		
	Skólaráð		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
1.júní 2016	(08:10 – 9:30)	Skólastjóraskrifstofa, Hjalla	6
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Erla	Sigrún B.	1

Boðaðir voru:
Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Hrafnhildur Pálsdóttir, Halla Valgeirsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Ragnar Gíslason, María Kristín Jóhannesdóttir, Sólveig Rún Rúnarsdóttir, Andrea Þórey Sigurðardóttir og Stefán Hjörleifsson.
Mættir voru:
Allir boðaðir nema María Kristín Jóhannsdóttir sem forfallaðist vegna veikinda.
Málefni fundar:
<ol style="list-style-type: none"> <li>Niðurstöður af stefnumótunardegi</li> <li>Næsta skólaár</li> <li>Skipting bekkja</li> <li>Önnur mál</li> </ol>

Málefni	Niðurstaða
1. Niðurstöður af stefnumótunardegi.	Farið yfir helstu niðurstöður af stefnumótunardegi. Rætt að setja vefslóð á helstu niðurstöður inn á heimasíðu skólans. Stefnumótunardagur gekk mjög vel, rætt var um ábyrgð nemenda og foreldra á námi og framkomu.
2. Næsta skólaár	Farið yfir helstu verkefni næsta skólaárs. Rætt um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og námsmat. Lögð áhersla á mikilvægi þess að huga að starfsmannahópnum næsta vetur. Haldið verður áfram innleiðingu á Heilsuefandi grunnskóla og Grænfánanum.
3. Skipting bekkja	Rætt hugmyndir um að skipta bekkjum upp í 5.bekk og 8.bekk ár hvert. Markmiðið með því er að nemendur fái tækifæri til að kynnast sem flestum samnemendum í sínum árgangi og styrki þannig félagsleg tengsl sín. Búið að skipta upp varðandi 6.bekk. Umræða um að skipta upp í 8.bekk. Farið í gegnum ferlið ef til þess kemur. Foreldrar ræddu áhyggjur sínar varðandi skiptingu í bekk. Einna helst þá að þeir ættu ekki jafn gott samband við foreldra nemenda sem væru ekki í sama bekk.
4. Önnur mál	Ekki gafst tími til að ræða önnur mál.